

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 622 frá 27. desember 1989, er taki þegar gildi.

3. gr. breytist og orðist svo:

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemur en 2 mánuði samfelld og ekki lengri tíma en 5 mánuði.

7. gr. breytist og orðist svo:

Tengingjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

	Kr.
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	99 750,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	74,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	99 750,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	21,00
allt að 2000 rúmmetrum.	

Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.

Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:

Fyrir hvern mínútulítra	2 450,00
-----------------------------------	----------

Greiddu stofngjaldi af allt að 400 rúmmetra húsi fylgir réttur á allt að 4 mínútulítrum og einum mínútulítra fyrir hverja byrjaða 100 rúmmetra. Óski notandi eftir meira vatni til íveruhúss (t.d. fyrir gróðurskála eða setlaugar) skal greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá um stofngjöld og notkunargjöld gróðurhúsa.

Iðnaðarráðuneytið, 3. maí 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.